

Sp. 219. Tillaga til þingsályktunar [116. mál]

um raflýsingu vegarins milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur.

Flm.: Ingólfur Flygenring, Emil Jónsson, Guðmundur Í. Guðmundsson,
Finnbogi R. Valdimarsson.

Alþingi skorar á ríkisstjórnina að láta raflýsa veginn milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur á svæðinu frá Álftanesvegi að kirkjugarðinum í Fossvogi.

Greinargerð.

Dauðaslysum og öðrum slysum á veginum milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur hefur fjölgað mjög á seinni árum með aukinni umferð á þessari leið. Flest þessi slys hafa orðið á hinum óupplýsta kafla vegarins. Því er auðsætt, að mjög má úr slysaþættu draga með góðri götulýsingu. Eins og allir vita, er umferð um þennan veg mörgum sinnum meiri en um nokkurn annan veg á landinu, þar sem hinn þéttbýli Reykjanesskagi með Keflavíkurflugvelli að ógleymdum Hafnarfirði hafa geysmikla vöru- og fólksflutninga daglega. Leið sú, er lýsa þarf upp, er um 6 km að lengd, en framkvæmd þessa verks má ekki dragast, því að slíkt getur kostað mannlífi áður en varir.